

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík, 9. desember 2024
UST202411-024/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Skoravík - Dalabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 1. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Skoravík í Dalabyggð.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið nær til um 435 ha lands og afmarkast af landamerkjum jarðarinnar. Á jörðinni eru skilgreindar þrjár nýjar lóðir sem eru skilgreindar umhverfis nýja byggingarreiti á jörðinni. Á svæði A sem er gamla bæjarstæðið er skilgreind lóð umhverfis íbúðarhús Í1, gestahús F2, gróðurhús G1 og þjónustubyggingu Þ2 sem getur verið bílskýli og geymsla. Innan Skoravík – deiliskipulag lóðarinnar er skilgreindur einn byggingarreitur fyrir Í1, F2 og G1 og annar byggingarreitur fyrir Þ2 sem tengist aðkomveginum. Auk þess segir að núverandi íbúðarhús á jörðinni er í mjög slæmu ástandi og verður endurbyggt eftir því sem kostur er. Á svæðið B sem tengist núverandi bústað eru skilgreindar tvær lóðir sem afmarka lóð fyrir frístundahús F1 og fyrir þjónustuhús, vélageymslu og litla íbúð Þ1. Á svæðið C er skilgreind ein lóð sem afmarka lóð fyrir þjónustuhús og vélageymslu Þ3. Heildarbyggingarmagn á jörðinni verður samtals 2.430 m² og samtals eru lóðirnar 23.432 m².

Breiðafjörður

Umhverfisstofnun vill benda á lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja. Skipulagssvæðið nær til verndarsvæðisins en ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadráppsker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.¹ Mikilvægt er að fjallað sé um það og áhrif tillögunnar á verndarsvæðið, þar sem deiliskipulagið nær til þess.

Þó svo að deiliskipulagið nær til Breiðafjarðar hefur tillagan óveruleg áhrif á það miðað við þau gögn sem lögð er fram að mati Umhverfisstofnunar.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/log_um_breidafjord_54_1995.pdf

fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit² um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum.

Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn (tveggja þrepa hreinsun) eða það sem betra er - hreinsivirki- sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt korti Náttúrufræðisstofnun Íslands er innan skipulagssvæðisins votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Ekki einungis byggingaframkvæmdir valdið raski heldur getur vegagerð valdið fyrirstöðu og þurrkahrifum.

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.

(<https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>)

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Að mati Umhverfisstofnunar er óljóst hvort tillagan muni raska votlendi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr.

² https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b_minni%20fr%3ca1veitur_LOKA.pdf

skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingum sem verða fyrir rökun.

Grannsvæði vatnsverndar

Innan skipulagssvæðisins er grannsvæði vatnsverndar. Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 segir að á grannsvæði vatnsverndar skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Aðgengi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram strandlengjunni, ám og vötnum svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr.5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötn, ám og sjó

Auk þess er reiðleið og gönguleið sýnd á uppdrætti aðalskipulags sem ætti að mati Umhverfisstofnunar að sýna á uppdrætti deiliskipulags.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

